

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **23.02.2013**
Málsnúmer: **ANR12091200**
Bréfalykill: **4.1.4**

Efni: Viðbrögð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust tíu umsagnir frá átta aðilum. Lögmannafélag Íslands og Fjármálaeftirlitið skiluðu tveimur umsögnum. KPMG, Landsbankinn, Félag löggiltra endurskoðenda, Samtök fjármálafyrirtækja, Bankasýsla ríkisins og Seðlabankinn sendu eina umsögn hvert vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 643, 501. mál).

Með frumvarpinu er verið að innleiða þrjár tilskipanir Evrópusambandsins. Í fyrsta lagi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010, sem lýtur að breytingum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnanna og tilskipun 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eigið fé fjármálafyrirtækja, að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar, endurverðbréfunar og eftirlit með starfskjarastefnu. Þá er með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum vegna innleiðingar tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, einnig þekkt sem MIFID tilskipunin og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009, um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, 2006/49/EB, um eigið fé fjármálafyrirtækja og 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðinum, að því er varðar tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringu.

Með breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem gerð var seinasta vor, voru m.a. gerðar breytingar á sparisjóðakafla laganna. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hefur í kjölfar þeirra breytinga fengið ábendingar frá Fjármálaeftirlitinu og Bankasýslu ríkisins um að þörf sé á nánari útfærslu á nokkrum ákvæðum sparisjóðakafans. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hefur einnig borist nokkrar ábendingar frá aðilum á markaði um ýmsar breytingar á lögnum. Þessar ábendingar hafa verið teknar til skoðunar í ráðuneytinu og með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum í VII. kafla um stjórn og starfsmenn, og XII. kafla um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja verði breytt til samræmis við þá vinnu. Með frumvarpinu er lagt til að fjöldi varamanna í stjórnnum fjármálafyrirtækja verði lækkaður og hæfisreglum um lögmennt sem jafnframt sitja í stjórnnum fjármálafyrirtækja, bráðabirgðastjórn eða slitastjórn verði breytt.

Í minnisblaði þessu verður farið yfir þær umsagnir sem bárust. Í lok minnisblaðsins er að finna samantekt á þeim breytingum sem lagðar eru til.

1. gr. frumvarpsins til breytingar á 1. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Breytingar sem gerðar eru á 1. gr. a. laganna eru í tveimur liðum, þ.e. a. og b. lið. Rétt þykir því að fjalla sérstaklega um hvorn liðinn fyrir sig.

Um breytingu á 1. gr. a. laganna sbr. a.-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er lagt til að orðið „yfirráð“ verði nánar skýrt í lögum um fjármálafyrirtæki. Með hliðsjón af umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd leggur ráðuneytið til að a.-liður 1. gr. frumvarpsins verði felldur niður.

Um breytingu á 1. gr. a. laganna sem fram koma í b.-lið 1. gr. frumvarpsins.

Fjórir umsagnaraðilar gera athugasemdir við b.-lið 1. gr. frumvarpsins, þ.e. Fjármálaeftirlitið (FME), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), KPMG og Seðlabanki Íslands (Seðlabankinn). FME sem áður hafði skilað inn umsögn skilaði viðbótarumsögn vegna ákvæðisins. Með ákvæðinu er lagt til að fimm nýir töluliðir bætist við 1. gr. a laganna.

Lagt er til að orðskýringum á „*endurverðbréfun*“ og „*endurverðbréfuð staða*“ verði breytt þannig að orðið „áhættukrafa“ í orðskýringu á „*endurverðbréfun*“ og orðið „áhætta“ í orðskýringu á „*endurverðbréfuð staða*“ falli út og í stað þeirra komi orðið „áhættuskuldbinding“ í samræmi við umsögn FME, enda sé það í betra samræmi við hugtakanotkun í lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. t.d. 3. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 30. gr. laganna. Lagt er til að orðskýringar í 12. – 14. tölul. falli brott ef orðskýring um „yfirráð“ í a.-lið 1. gr. frumvarpsins fellur út. Orðskýringarnar sem eftir standa orðist því þannig:

„*Endurverðbréfun* (e. er-securitisation): Verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættuskuldbindinga er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættuskuldbinding er verðbréfuð staða.

Endurverðbréfuð staða : Áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar.“

2. gr. og 4. gr. frumvarpsins til breytinga á 1. mgr. 4. gr. og bætir við nýrri 2. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Ein athugasemd barst vegna 2. og 4. gr. frumvarpsins og barst hún frá SFF. Í umsögn SFF segir að kanna þurfi samræmi á milli ákvæða 2. og 4. gr. frumvarpsins því samkvæmt 4. gr. er sparisjóðum sem starfa á afmörkuðu staðbundnu starfssvæði heimilað að sinna fjármögnunarleigu en starfsleyfi slíks sparisjóðs skv. 2. gr. nær ekki til eignaleigustarfsemi. Vegna ábendingar SFF er lagt til að 4. gr. frumvarpsins verði breytt.

Á eftir 1. mgr. 20. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: „*Starfsemi sparisjóða sem starfa á staðbundnum, afmörkuðum starfssvæðum skv. 3. mgr. 14. gr. getur tekið til 1., 2., 4.- 6., 10., 13. og 14. tölul. 1. mgr.*“

Seinasta vor var sparisjóðakafla laganna breytt með lögum nr. 77/2012. Með lögnum bættust við tvær nýjar málsgreinar, þ.e. 2. og 3. mgr. við 14. gr. laganna. Samhliða þessarri breytingu hefði átt að breyta tilvísun í 2. mgr. 25. gr. laganna, sem vísar í 4. mgr. 14. gr. en fórst það fyrir. Því er lagt til að úr þessu verði bætt og þar sem tilvísun í „4. mgr. 14. gr.“ kemur fyrir í 2. mgr. 25. gr. komi „6. mgr. 14. gr.“

3. gr. frumvarpsins til breytingar á 4. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Fimm umsagnaraðilar gera athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, þ.e. Bankasýsla ríkisins,

Seðlabankinn, KPMG, FME og SFF. Með ákvæðinu er lagt til að á vefsíðu séu birtar upplýsingar um nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu á hverjum tíma. Ef um lögaðila er að ræða skal jafnframt koma fram hverjir séu raunverulegir eigendur viðkomandi lögaðila.

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að Seðlabankinn telji ekki nauðsynlegt að birta svo ítarlegan lista á vefsíðu fjármálafyrirtækja og að í sumum tilfellum geti verið um að ræða fjárhæð sem nemur ekki nema rúmri 1 milljón króna. Þá telur Seðlabankinn að lögfesta mætti þá reglu að tilkynna ætti FME um eignarhald allra sem eiga yfir 1% og að mögulega mætti réttlæta birtingu á eignarhlutum undir 5% hjá kerfislega mikilvægum stofnunum eða yfir tilekinni fjárhæð, t.d. 100 milljón króna. Í umsögn sinni leggur Seðlabankinn hins vegar sérstaka áherslu á mikilvægi þess að við birtingu upplýsinganna, þá sé átt við einstaklinga en ekki lögaðila og leggur því til breytingu á 2. másl. ákvæðisins þannig að orðunum „*Sé viðkomandi lögaðili*“ verði breytt í: „*Sé viðkomandi lögaðili skal jafnframt koma fram hvaða einstaklingar séu raunverulegir eigendur eignarhlutarins*“.

Eins og fram kemur í greinargerð með ákvæði 3. gr. frumvarpsins er markmið ákvæðisins að auka gangsæi á eignarhaldi fjármálafyrirtækja. Byggir ákvæðið á þeim sjónarmiðum að erfitt er fyrir minni haghafa félags að vita hverjir eru eigendur þeirra, ekki einungis fjárfesta og innstæðueigenda heldur einnig kröfuhafa félagsins. Mikilvægt er að allir haghafar hafi sömu upplýsingar um eignarhald fjármálafyrirtækja. Aukið gangsæi í eignarhaldi leiðir til frekari trausts á fjármálafyrirtækjum og fjármálakerfinu í heild.

Sumir umsagnaraðilar hafa gangrýnt að fjármálafyrirtækin geti ekki aflað umræddra upplýsinga um eignarhald, það geti verið kostnaðarsamt, íþyngjandi og tímafrekt. Í því sambandi skal bent á reglur 30. og 31. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, um skyldu stjórnar hlutafélags til þess að halda hlutaskrá og skyldu stjórnar til þess að sjá til þess að hlutaskrá geymi alltaf réttar upplýsingar um eignarhald á hlutum í félaginu o.fl. Sama gildir um sparisjóði sbr. 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að fjármálafyrirtæki taki upp reglur um nánari tilkynningu um eigendaskipti á hlutum í samþykktum sínum. Umsagnaraðilar hafa einnig gagnrýnt að ekki sé ljóst hvað sé átt við með „raunverulegum eigenda“ í skilningi ákvæðisins en þó er hugtakið sérstaklega skilgreint í greinargerð. FME bendir á að mikilvægt sé að skilgreina betur hvað sé átt við með „raunverulegur eigandi“ í lögum um fjármálafyrirtæki bæði hvað varðar gagnsæi eignarhalds eins og það er sett fram í frumvarpinu og enn fremur í tengslum við mat á hæfi virks eigenda fjármálafyrirtækis, sbr. 49. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þá bendir Seðlabankinn á bætt orðalag. Ýmsar ábendingar koma einnig fram í umsögnum sem hugsanlega geta bætt ákvæðið og komið til móts við sjónarmið aðila.

Því er lagt til að 3. gr. frumvarpsins sé breytt og verði svohljóðandi: „*Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu á hverjum tíma. Fjármálafyrirtæki hefur fjóra daga til þess að uppfæra vefsíðuna frá því að eignarhald á hlut breytist. Sé eignandi hlutfjár eða stofnfjár umfram 1% lögaðili, skal jafnframt koma fram hvaða einstaklingur séu raunverulegur eigandi viðkomandi lögaðila. Með raunverulegum eiganda samkvæmt ákvæði þessu er átt við einstakling eða einstaklinga sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðilanum.*“

Með nýju orðalagi ætti því að liggja fyrir hvað átt er við með „raunverulegum eigenda“ samkvæmt ákvæðinu. Skilgreining á raunverulegum eiganda skv. ákvæðinu kemur úr a.-lið 4. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Eins og kom fram í umsögn Bankasýslunnar getur tekið þrjá daga að ganga frá viðskiptum með hlutabréf í kauphöll og því er lagt til að fjármálafyrirtæki hafi fjóra daga til þess að uppfæra upplýsingar á heimasíðu sinni.

5. gr. frumvarpsins til breytinga á 36. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Varðandi breytingu í a.-lið 5. gr. frumvarpsins þar sem orðin „þrem mánuðum“ er breytt í „einum mánuði“ bendir FME á að verið sé að stytta þann frest sem FME hafi til þess að tilkynna erlendum eftirlitum um stofnun útibús innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í athugasemdum með 5. gr. í frumvarpinu sé mælt fyrir um slíkt í 6. mgr. 31. gr. MiFID tilskipunarinnar (tilskipun 2004/39/EB).

FME gerir athugasemdir við þessa breytingu og bendir réttilega á að hér sé um mistök að ræða og að ekki sé tilefni til þess að breyta þessu enda kveði 3. mgr. 25. gr. tilskipunnar 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnuna á um þriggja mánaða frest til þess að tilkynna erlendum eftirlitsaðila um stofnun útibús innlends fjármálafyrirtækis erlendis.

Varðandi b.-lið 5. gr. frumvarpsins um breytingu á 5. mgr. 36. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þar sem fram kemur að breytingar á áður veittum upplýsingum í tengslum við útibú erlendis fari einungis í gegnum FME sem síðan kemur upplýsingum áfram, hafi einnig áhrif á 4. mgr. 37. gr. laganna um breytingar á áður veittum upplýsingum um þjónustu án stofnunar útibús erlendis. FME leggur því til að 4. mgr. 37. gr. laganna sé einnig breytt til samræmis við b.- lið 5. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar a.- lið 5. gr. frumvarpsins leggur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið því til að horfið verði frá breytingu í a.- lið 5. gr. frumvarpsins, þannig að 3. mgr. 36. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki fái að halda sér í núverandi mynd. Varðandi b.- lið 5. gr. frumvarpsins tekur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið undir sjónarmið FME. Einnig þykir rétt að hluti 1. másl. 5. mgr. 36. gr. laganna breytist til þess að samræmi sé í breytingu þeirri sem kemur inn í 2. másl. sama ákvæðis.

Lagt er til að 5. mgr. 36. gr. laganna hljóði því þannig í heild; „*Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtæki starfrækir útibú um breytingar á áður veittum upplýsingum. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.*“

Í samræmi við breytingu á 36. gr. laganna um tilkynningu um stofnun útibús þykir rétt að hið sama gildi um þjónustu án stofnunar útibús skv. 37. gr. laganna. Því er lagt til að 4. mgr. 37. gr. laganna sé breytt í samræmi við umsögn FME. 4. mgr. 37. gr. laganna myndi því hljóða þannig: „*Breytingar á áður tilkynntum atriðum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en þær komu til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtækið veitir þjónustu um breytingar á áður veittum upplýsingum .*“

7. gr. frumvarpsins til breytingar á 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um

fjármálafyrirtæki

Fimm umsagnaraðilar gera athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins, þ.e. FME, Bankasýsla ríkisins, Landsbankinn, SFF og Lögmannafélagið. Með ákvæðinu er lögð til breyting á 4. mgr. 52. gr. laganna, þannig að lögmönnum sem sæti eiga í stjórn fjármálafyrirtækis, verði heimilað með ákveðnum skilyrðum að vinna ákveðin lögmansstörf fyrir aðra eftirlitsskylda aðila. Samkvæmt núgildandi lögum er slíkt bannað. Bankasýsla ríkisins og Landsbankinn fagna því að nýtt ákvæði rýmki möguleika lögmanna sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja til þess að vinna lögmansstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki.

Markmið 7. gr. frumvarpsins er að lögmenn sem sæti eiga í stjórn fjármálafyrirtækis geti tekið að sér ákveðin lögmansstörf fyrir aðra eftirlitsskylda aðila. Samkvæmt núgildandi ákvæði 4. mgr. 52. gr. laganna er lögmönnum sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis bannað að vinna lögmansstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki. Ákvæðið takmarkar ekki rétt lögmanna til þess að vinna lögmansstörf fyrir aðra. Þeir hagsmunir sem löggjafinn hefur talið að vernda þurfi með umræddu ákvæði koma fram í greinargerð með breytingarlögum nr. 75/2010 og nr. 119/2011. Sömu hagsmunir hvíla að baki núgildandi frumvarpi. Á meðal þeirra sjónarmiða sem fram komu með umræddum breytingum voru þau að á samkeppnismarkaði væri mikilvægt að stjórnarseta skapaði ekki hagsmunaárekstra á fjármálamarkaði. Þá var orðsporsáhætta einnig nefnd í greinargerð og sjónarmið er varða svonefnda krossstjórnarsetu.

Nokkrir umsagnaraðilar telja ákvæði frumvarpsins of matskennt. FME telur að erfitt geti verið að meta hvaða tilfelli eigi undir ákvæði frumvarpsins og erfitt geti verið að framfylgja eftirliti með ákvæðinu. Við gerð frumvarpsins fundaði ráðuneytið með Lögmannafélaginu og FME vegna hugsanlegra breytinga á ákvæðinu. Niðurstaða þeirra funda sem ráðuneytið hélt með lögmannafélaginu var sú að reynt yrði að smíða reglu sem opnaði möguleika lögmanna sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja til þess að vinna störf fyrir annað fjármálafyrirtæki þar sem engin hættu væri á hagsmunaárekstrum eða orðsporsáhættu á milli fjármálafyrirtækjanna. Ráðuneytið telur ómögulegt að smíða reglu sem felur ekki í sér einhverskonar mat um hættu á umræddum hagsmunum. Því verði ný regla að vera háð einhverskonar mati og telur ráðuneytið að FME sem eftirlitsaðila á fjármálamarkaði eigi að hafa slíkt mat. Lögmannafélagið hefur engar heimildir til þess að grípa til ráðstafanna ef kvörtun um alvarleg brot berst samkvæmt ákvæðinu eins og FME hefur t.d. skv. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Bankasýsla ríkisins, SFF og Lögmannafélagið hafa einnig gagnrýnt 2. og 3. másl. 7. gr. frumvarpsins. Hvað varðar 2. másl. ákvæðisins telur Lögmannafélagið að vikið sé frá þeirri grundvallarreglu að rannsóknarskylda hvíli á stjórnvaldinu sjálfu og slíkt sé óeðlilegt. Hvað varðar 3. másl. telur Lögmannafélagið að FME sé veitt opin heimild til þess að krefjast gagna án takmarkana. Slíkt brjóti gegn reglum um trúnaðarskyldur lögmanna og umbjóðenda þeirra. Þá sé ekki kveðið á um hvernig eigi að fara með umrædd gögn, eyðingu þeirra o.fl. Þá telja umsagnaraðilar að ákvæðin fæli lögmenn frá því að setjast í stjórnir fjármálafyrirtækja. Hvað framangreint varðar bendir ráðuneytið á það að hér er verið að opna á það að lögmenn geti unnið lögmansstörf fyrir aðra eftirlitsskylda aðila, slíkt er bannað í dag. Með þá hagsmuni í huga sem hvíla að baki núgildandi ákvæði 4. mgr. 52. gr. laganna telur ráðuneytið að eftirlit þurfi að hafa með umræddum störfum. FME hefur almennar reglur til þess að krefjast þeirra upplýsinga sem eftirlitið telur sig þurfa við eftirlitsstörf sín. Regla 3. másl. er því einungis árétting á þeirri heimild sem FME hefur og traustari lagastöð fyrir upplýsingaöflun þegar talið er að stjórnarmaður hafi brotið umrætt ákvæði. Hvað varðar önnur sjónarmið um málsmeðferðartíma o.fl. er bent á að almennar stjórnsýslureglur gilda að þessu leiti þegar

sérákvæði er ekki að finna í lögum um fjármálafyrirtæki eða lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tveir umsagnaraðilar, þ.e. SFF og Lögmannafélagið, telja að orða mætti nýtt ákvæði á annan hátt sem myndi koma til móts við sjónarmið þeirra. SFF telur það umhugsunarefni hvort ekki sé heppilegra að setja almenna matsreglu í stað ákvæðisins þar sem mætti t.d. horfa til þess hvort að skriflegt samþykki beggja fjármálafyrirtækja lægi fyrir, eðli lögmannsstarfsins sem unnið er, hvenær lögmannsstörfin komu til, hversu háður viðkomandi lögmaður er tekjum af lögmannsstörfum fyrir fjármálafyrirtækið, eðli fjármálafyrirtækjanna og samkeppnisflötum. Lögmannafélagið telur að heppilegt geti verið að horfa til 5. mgr. 52. gr. núgildandi laga sem varðar stjórnarsetu starfsmanna fjármálafyrirtækja sem og lögmannna móðurfélags, sbr. einnig 6. og 7. mgr. 52. gr. laganna. Leggur Lögmannafélagið því til að orða mætti nýjan 2. másl. 4. mgr. 52. gr. laganna þannig: „*Lögmaður sem er stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki skal gæta sérstaklega að hæfi sínu. Taki stjórnarmaður að sér lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki skal hann tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slík störf, eðli þeirra og umfang*“.

Lögmannafélagið tekur fram í umsögn sinni að með slíku ákvæði væri áréttuð hin almenna skylda lögmannna að gæta að hæfi sínu en jafnframt lögð frumkvæðisskylda á stjórnarmenn sem taka að sér lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki um að tilkynna FME sérstaklega um slík störf, eðli þeirra og umfang. FME væri hins vegar falið að meta það hvort umrædd störf væru til þess fallin að skapa hagsmunaárekstra á sama hátt og stofnunin leggur nú mat á stjórnarsetu starfsmanna fjármálafyrirtækja og lögmanns móðurfélags. Bendir Lögmannafélagið á að slíkt ákvæði ætti að falla vel að núverandi starfsemi FME en gera megi ráð fyrir því að töluverð reynsla sé komin á mat stofnunarinnar skv. núgildandi 6. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með hliðsjón af framangreindum tillögum, þeim hagsmunum sem ákvæðið á að vernda og ábendingum FME leggur ráðuneytið því til að breyting verði gerð á 7. gr. frumvarpsins sem ætti að koma til móts við alla aðila. Í stað 2. másl. 4. mgr. 52. gr. laganna komi því tveir nýir máslíðir svohljóðandi: „*Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á fjármálamarkaði. Hyggist stjórnarmaður taka að sér lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki skal hann fá skriflegt samþykki stjórnar fjármálafyrirtækisins sem hann er stjórnarmaður í fyrir því að hann megi taka að sér umrætt starf, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfið sem hann hyggst taka að sér og upplýsa Fjármálaeftirlitið um eðli starfsins og umfang þess.*“

Í nýrri tillögu endurspeglast þeir hagsmunir sem verið er að vernda með umræddu ákvæði, þ.e. að störfin valdi ekki hagsmunaárekstrum á milli þess félags sem lögmaður sinnir stjórnarstörfum fyrir og félagsins sem hann tekur að sér lögmannsstörf fyrir. Þá skuli einnig horft til þess að starfið geti valdið öðrum hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í 2. másl. ákvæðisins kemur fram að stjórnarmaður verði því að fá samþykki stjórnar þess fjármálafyrirtækisins sem hann situr í stjórn í fyrir því að vinna fyrir annað fjármálafyrirtæki. Því þarf stjórn fjármálafyrirtækisins sem hann er stjórnarmaður í að meta hvort störfin geti valdið hagsmunaárekstrum og því er það ekki einungis í höndum umrædds lögmanns að meta hagsmunaárekstranna. Lögmaður skal þó ávalt meta sína persónulega hagsmuni í samræmi við siðareglur Lögmannafélagsins og í ákvæðinu. Þá skal umræddur lögmaður tilkynna FME fyrirfram um að hann ætli að taka að sér lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki eðli þess

og umfang. Stjórnarmaður skal einnig senda FME skriflega samþykkið sem hann fær frá stjórn fjármálafyrirtækisins. Í mati sínu á þeim hagsmunum sem vernda á getur FME m.a. horft til sjónarmiða um eðli lögmannsstarfanna sem unnin eru, hvenær lögmannsstörfin komu til, hversu háður viðkomandi lögmaður er tekjum af lögmannsstörfum fyrir fjármálafyrirtækið, eðli fjármálafyrirtækjanna og samkeppnisflötum. Einnig getur FME horft til þess mats sem kemur fram í 5. og 6. mgr. 52. gr. laganna. Þá skal það einnig áréttað að stjórnarmanni sem óskar eftir samþykki stjórnar fyrir því að fá leyfi til þess að vinna lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki skal víkja af fundi þegar beiðnin er rædd á stjórnarfundinum. Þá skal það einnig áréttað að þrátt fyrir að FME hafi eftirlit með ákvæðinu og hafi sínar heimildir þá getur aðili sem telur að lögmaður hafi brotið gegn siðareglum Lögmannafélagsins kvartað til þess skv. lögum nr. 77/1998, um lögmennt.

8. gr. frumvarpsins til breytingar á 1. másl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Í minnisblaði efnahags- og viðskiptanefndar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kemur fram að Bankasýsla ríkissins telji ákvæðið til bóta en að Bankasýslan telji samt sem áður að ganga þurfi lengra í að setja ráðstöfun hagnaðar ítarlegri skorður. Þá kemur fram að dæmi hafi verið nefnt á fundi nefndarinnar með Bankasýslunni. Ráðuneytið var ekki boðað á umræddan fund og getur því eðli málsins samkvæmt ekki tekið afstöðu til þeirra dæma sem gefin voru á fundinum.

Þá kemur fram í umsögn Bankasýslunnar að ekkert hámark sé sett í lögum á ráðstöfun hagnaðar sparisjóðs til samfélagslegra verkefna. Hvað þetta varðar þá telur ráðuneytið eðlilegt að sparisjóðurinn sjálfur ákveði hversu miklum hluta hagnaðar félagsins sé ráðstafað til samfélagslegra verkefna. Minnir ráðuneytið á að nokkuð góð sátt var um að aðgreina sparisjóði frá öðrum fjármálafyrirtækjum þegar lög nr. 77/2012 voru samþykkt, m.a. með því að setja takmörk við því hvaða fjármálafyrirtæki mættu kalla sig sparisjóði. 5% ráðstöfun hagnaðar liðins árs var eitt þessara skilyrða. Virðist ráðuneytinu sem misskilnings gæti í umsögn Bankasýslunnar hvað varðar áhrif þeirrar ráðstöfunar. Telur ráðuneytið einsýnt að 5% ráðstöfun hagnaðar geti í engu tilviki skert óráðstafað eigið fé viðkomandi, eftir standa 95% til annarrar ráðstöfunar, svo sem arðgreiðslna og greiðslna opinberra gjalda eftir því sem tilefni er til.

9. gr. frumvarpsins til breytingar á 3. mgr. 87. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Fjórir umsagnaraðilar gera athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins, þ.e. Seðlabankinn, KPMG, FME og SFF. Með ákvæðinu er gerð breyting á 3. mgr. 87. gr. laganna sem fjallar um það hvaða upplýsingar skulu vera í ársreikningi fjármálafyrirtækis. Ákvæðið tengist breytingu sem gerð er á 4. mgr. 19. gr. laganna um birtingu upplýsinga um eigendur eignarhluta umfram 1% í fjármálafyrirtækjum. Efnislega eru umsagnir um 9. gr. þær sömu og um 3. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur þó að nægjanlegt sé að birta nöfn og ríkisfang aðila skv. ákvæðinu í stað nafna og heimilisfanga. KPMG telur að það geti verið erfiðleikum bundið að afla staðfestingar á upplýsingum sem eiga undir nýjan c.- lið ákvæðisins.

Með hliðsjón af ofangreindum ábendingum og þeirri breytingu sem lögð er til að gerð sé á 3. gr. frumvarpsins er lagt til að gerð verði eftirfarandi breyting á 9. gr. frumvarpsins.

„3. mgr. 87. gr. orðast svo:

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera í ársreikningi:

- a. *Launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdarstjóra,*
- b. *heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra,*
- c. *nöfn og ríkisfang allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutafjár eða stofnfjár í lok reikningsárs .“*

10. gr. frumvarpsins sem bætir tveimur nýjum málsgreinum við 99. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Tveir umsagnaraðilar, þ.e. SFF og Seðlabankinn gera athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins. Í umsögn SFF kemur fram að í ákvæðinu virðist ekki vera gert ráð fyrir þeim tilvikum þar sem erlent fjármálafyrirtæki er með útibú hér á landi og Ísland sé gistiríki. Telur SFF að tryggja þurfi að FME hafi heimild til þess að óska eftir því sem eftirlitsaðili í gistiríki að erlent útibú hér á landi teljist sérstaklega mikilvægt og geti lagt fram beiðni þess efnis til eftirlitsaðila í heimaríki útibúsins. Seðlabankinn telur að ákvæðið eigi betur heima í XIII. kafla laganna eða í IV. kafla laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

Hvað umsögn SFF varðar bendir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á það að ákvæðið kemur úr tilskipun 2009/111/EB en tilskipunin kveður á um að öll ríki á EES-svæðinu skuli hafa sambærilegt ákvæði og kemur fram í 10. gr. frumvarpsins í löggjöf sinni. Ef annar eftirlitsaðili í öðru ríki á EES-svæðinu verður ekki við beiðni FME hefur eftirlitsaðili á Íslandi heimild til þess að leita til Evrópska bankaeftirlitsins (EBA) skv. 42. gr. a, 129. og 130. gr. tilskipunar 2006/48/EB. Þegar ráðuneytið vann að því að innleiða ákvæði 4. mgr. 1. gr. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/111/EB, þ.e. það ákvæði sem fram kemur í 10. gr. frumvarpsins komu þrjú staðir í lögum um fjármálafyrirtæki til greina sem geymt gátu umrædda reglu. Einn þessara staða var viðbót við 108. gr. laganna. Ráðuneytið tekur því undir umsögn Seðlabankans og leggur því til að ákvæðið komi sem viðbót við 108. gr. laganna en ekki 99. gr. Ekki þarf að breyta tilvísun í seinni málsgrein ákvæðisins því ný ákvæði verða 4. og 5. mgr. 108. gr.

11. gr. frumvarpsins sem breytir 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Lögmannafélag Íslands og SFF gera athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins. Með ákvæði 11. gr. frumvarpsins eru hæfisreglur um stjórnarmenn fjármálafyrirtækja látnar ná til stjórnarmanna sem sitja í bráðabirgðastjórn og slitastjórn fjármálafyrirtækja. Ásamt því að reglur 5. og 6. mgr. 52. gr. laganna eru einnig látnar ná til þessara aðila. Efnislega eru athugasemdir Lögmannafélagsins og SFF við ákvæðið þær sömu og um 7. gr. frumvarpsins. Ef breytingin sem ráðuneytið leggur til að gerð sé á 7. gr. frumvarpsins nær fram að ganga ætti hún að mati ráðuneytisins að ráða bót á efnislegum athugasemdum hvað varðar 11. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggur því ekki til að gerðar verði breytingar á 11. gr. frumvarpsins.

12. gr. frumvarpsins sem breytir 7. tölul. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Tveir umsagnaraðilar gera athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins, þ.e. Seðlabankinn og FME. Báðir aðilar vísa til athugasemda í umsögnum sínum um 3. gr. frumvarpsins. FME telur að það geti mögulega verið erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir fjármálafyrirtæki að birta lista yfir nöfn allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutafjár í fyrirtækinu á hverjum tíma og jafnframt hverjir séu raunverulegir eigendur viðkomandi lögaðila þegar ekki liggur fyrir skilgreining á hugtakinu í lögum um fjármálafyrirtæki. Að mati FME er því varhugavert að leggja til að óbreytt 3. gr. frumvarpsins varði stjórnvaldssektum.

Það er álit atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að ef sú breyting sem lögð er til vegna 3. gr. frumvarpsins nær fram að ganga þá sé ekki þörf á að breyta 12. gr. frumvarpsins.

14. gr. frumvarpsins sem bætir nýrri málsgrein við 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Þrjú umsagnaraðilar gera athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins, þ.e. Bankasýsla ríkisins, Seðlabankinn og FME. FME gerir athugasemdir við ákvæðið og telur annars vegar að réttara væri að ný málsgrein yrði að nýjum málslið sem bætist við 1. mgr. 1. gr. laganna og hins vegar er lagt til nýtt orðalag. FME telur að heppilegra sé að taka út orðin „einkum í neyðartilvikum“, sleppa tilvísun í EES-svæðið og miða ákvæðið við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku stjórnvaldsákvæðana í tengslum við fjármálastöðugleika. FME leggur til að nýr málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna hljóði svo: *„Í störfum sínum, einkum við setningu almennra stjórnvaldsfyrirmæla og töku stjórnvaldsákvæðana, skal Fjármálaeftirlitið stuðla að fjármálastöðugleika.“*

Bankasýsla ríkisins telur að í neyðartilvikum þar sem tryggja þarf fjármálastöðugleika beri FME að láta íslenska hagsmuni ganga frammar hagsmunum annarra ríkja. Ólíklegt sé þó í náninni framtíð að slíkar ákvarðanir hér á landi hafi víðtæk áhrif á EES-svæðinu. Seðlabankinn telur að ákvæðið sé innleiðing svonefndrar CRD IV. tilskipunar ESB. Seðlabankinn telur að ekki sé nægjanlega ljóst í hvaða tilvikum FME skuli meta áhrif sinna eigin ákvarðanna á fjármálakerfið í heild sinni en í ákvæðinu sé talað um að þetta eigi einkum við í neyðartilvikum. Seðlabankinn telur að ákvæðið geti verið sérdeilis íþyngjandi fyrir FME, því skv. íslenskum lögum sé það FME sem hefur heimild til víðtækra inngripa í starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Slíkt sé ekki algengt í löndunum í kringum okkur. Seðlabankinn telur að ef þetta hefði verið fyrir hendi í október 2008 þá hefði FME t.d. þurft að taka tillit til mögulegra áhrifa vegna yfirtöku Kaupþings á fjármálastöðugleika í Danmörku (vegna FIH bankans), yfirtöku Landsbanka Íslands á fjármálastöðugleika í Bretlandi o.s.frv.

Hvað varðar allar umræddar umsagnir þá vekur ráðuneytið fyrst athygli á því að umrætt ákvæði innleiðir m.a. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem kveður m.a. á um að eftirlitsaðilar skuli horfa til fjármálastöðugleika við ákvarðanatöku í þeim ríkjum sem ákvörðunin hefur áhrif. Tilskipun 2009/111/EB var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 hinn 2. júlí 2010. Flest ákvæði tilskipunarinnar sem innleiða þurfti með lögum komu inn í íslenskan rétt með lögum nr. 119/2011, til breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (og áður efnahags- og viðskiptaráðuneytið) hefur fengið formlegar athugasemdir (reasoned opinion) frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar sem að ennþá séu nokkur ákvæði óinnleidd í íslenskan rétt. Eitt af þessum ákvæðum er ákvæði sem lagt er til að verði að 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með 14. gr. frumvarpsins. Þá má einnig nefna að 28. gr. tilskipunar 2009/138/EB um stofnun og rekstur váttrygginga og endurtrygginga (Solvency tilskipunin) sem tekin var upp í IX. kafla EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 hinn 1. júlí 2011, kveður einnig á um að eftirlitsaðilar skuli horfa til fjármálastöðugleika við ákvarðanatöku.

Hvað varðar allar umsagnir bendir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að hér er einungis um viðmiðunarreglu að ræða sem leggur ekki skyldu á FME eða íslenska ríkið að meta

nákvæmlega áhrif ákvarðanna sinna eða athafna heldur einungis hafa í huga hvaða áhrif ákvarðanir FME gætu hugsanlega haft á fjármálastöðugleika í þeim ríkjum sem umrædd ákvörðun gæti haft áhrif í sbr. orðalagið „*taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna* .“ Með vísan til framangreinds leggur ráðuneytið til að ákvæðið standi óbreytt.

15. gr. frumvarpsins sem bætir nýrri málsgrein við 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

SFF gerir athugasemd við 15. gr. frumvarpsins í umsögn sinni. Með 15. gr. frumvarpsins bætist við ný málsgrein sem fjallar um þagnarskyldu annara en þeirra sem nefndir eru í núgildandi 1. mgr. 13. gr. laganna. Ákvæðið bætist við lögin vegna 3. mgr. 54. gr. MIFID tilskipunarinnar. Eins og fram kemur í greinargerð þykir rétt að ítreka þagnarskyldu þeirra sem komast að eða með einhverjum öðrum hætti koma að starfsemi FME og ítrekun á því að þessir aðilar skulu einungis nota viðkomandi upplýsingar í tengslum við störf sín. Ákvæðið er sett til þess að ná yfir tilvik sem ekki eiga undir 1. mgr. 13. gr. laganna. Ákvæðið opnar á engan hátt heimildir FME til þess að deila upplýsingum með fleiri aðilum en FME hefur heimildir til skv. núgildandi lögum.

Samantekt á tillögðum breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. a. liður 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingu á orðskýringu um „*yfirráð*“ er felldur á brott úr frumvarpinu.
2. Orðskýringar sem eiga að koma í 12. – 14. tölul. séu felld út í samræmi við tillögu um að breyting á orðskýringu um „*yfirráð*“ sé felld út úr frumvarpinu.
3. Orðskýring sem lagt er til að bætist við lögin sem 15. tölul. 1. gr. a um „*endurverðbréfun*“ verði því að 12. tölul. 1. gr. a laganna og orðist þannig:
12. *Endurverðbréfun* (e. er-securitisation): Verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættuskuldbindinga er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættuskuldbinding er verðbréfuð staða.
4. Orðskýring sem lagt er til að bætist við lögin sem 16. tölul. 1. gr. a um „*endurverðbréfaða stöðu*“ verði því að 13. tölul. 1. gr. a laganna og orðist þannig:
13. *Endurverðbréfuð staða* : Áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar.
5. 3. gr. frumvarpsins sé breytt og verði svohljóðandi:
4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu á hverjum tíma. Fjármálafyrirtæki hefur fjóra daga til þess að uppfæra vefsíðuna frá því að eignarhald á hlut breytist. Sé eignandi hlutfjár eða stofnfjár umfram 1% lögaðili, skal jafnframt koma fram hvaða einstaklingur séu raunverulegur eigandi viðkomandi lögaðila. Með raunverulegum eiganda samkvæmt þessu ákvæði er átt við einstakling eða einstaklinga sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðilanum.
6. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 20. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Starfsemi sparisjóða sem starfa á staðbundnum, afmörkuðum starfssvæðum skv. 3. mgr. 14. gr. getur tekið til 1., 2., 4.-6., 10., 13. og 14. tölul. 1. mgr.

7. Í stað „4. mgr. 14. gr.“ í 2. mgr. 25. gr. laganna komi „6. mgr. 14. gr.“

8. Vegna 5. gr. frumvarpsins er lagt til að 5. mgr. 36. gr. sé breytt svohljóðandi:
5. mgr. 36. gr. orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtæki starfrækir útibú um breytingar á áður veittum upplýsingum. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útíbúsins innan framangreinds frests.

9. Í samræmi við breytingu á 5. mgr. 36. gr. í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 37. gr. sé breytt til samræmis við þá breytingu.

4. mgr. 37. gr. orðast svo:

Breytingar á áður tilkynntum atriðum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en þær komu til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtækið veitir þjónustu um breytingar á áður veittum upplýsingum.

10. Vegna 7. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagi sé breytt. Ný 7. gr. frumvarpsins orðist því þannig:

Í stað 2. másl. 4. mgr. 52. gr. laganna komi því tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á fjármálamarkaði. Hyggist stjórnarmaður taka að sér lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki skal hann fá skriflegt samþykki stjórnar fjármálafyrirtækisins sem hann er stjórnarmaður í fyrir því að hann megi taka að sér umrætt starf, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfið sem hann hyggst taka að sér og upplýsa Fjármálaeftirlitið um eðli starfsins og umfang þess.

11. Lagt til að gerð verði eftirfarandi breyting á 9. gr. frumvarpsins.

3. mgr. 87. gr. orðast svo:

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera í ársreikningi:

- a. Launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdarstjóra,
- b. heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra,
- c. nöfn og ríkisfang allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutafjár eða stofnfjár í lok reikningsárs.

12. Lagt er til að tvær nýjar málsgreinar í 10. gr. frumvarpsins bætist við 108. gr. laganna en ekki 99. gr. Því hljóðar 10. gr. frumvarpsins því þannig í heild:

Við 108. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef íslenskt fjármálafyrirtæki starfrækir útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta lögbær yfirvöld þess ríkis lagt fram rökstudda beiðni til Fjármálaeftirlitsins um að útibúið teljist sérstaklega mikilvægt fyrir það ríki. Til að útibúið teljist sérstaklega mikilvægt skal

horfa til þess hvort innlán í útibúinu séu að minnsta kosti 2% af markaðshlutdeild heildarinnlána í ríkinu, og hvort útibúið hafi mjög stóran hóp viðskiptavina og að tímabundin lokun eða stöðvun á starfsemi fjármálafyrirtækisins mundi hafa mjög alvarleg áhrif á greiðslukerfi í ríkinu. Ef Fjármálaeftirlitið telur að útibúið uppfylli ekki þau skilyrði sem fram koma í 2. másl. skal Fjármálaeftirlitið synja beiðninni og senda lögbærum yfirvöldum í hinu ríkinu rökstuðning fyrir synjuninni. Ef Fjármálaeftirlitið fellst á beiðnina hefur það heimild til þess að veita lögbærum yfirvöldum í hinu ríkinu frekari upplýsingar um starfsemi útibúsins í því landi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem mæla nánar fyrir um málsmeðferð slíkrar beiðni og hvaða upplýsingar Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita öðrum lögbærum yfirvöldum um starfsemi útibúsins.

Ákvæði 5. mgr. gildir einnig um verðbréfafyrirtæki að breyttu breytanda, sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum og starfrækir útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.